Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

Bjarni Benediktsson – Stjórnmál – Utanríkismál – Réttindi – Skyldur – Opinberir starfsmenn

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Stjórnmálamaðurinn
Askja 2-14, Örk 1

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Fyrirspurn í II. lið á þingskjali 191 er gerð um undirbúning laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna.

Um einstaka liði fyrirspurnarinnar skal þetta tekið fram:

<u>Í fyrsta lagi:</u> Frumvarpinu hefir verið skilað í hendur ráðuneytinu og er í prentun og mun þó ekki til hlítar lokið við greinargerð en svo sem kunnugt er, var Gunnari Thoroddsen, borgarstjóra, þáverandi prófessor, á sínum tíma falið að annast samningu frumvarpsins.

<u>Í öðru lagi:</u> Meðal fylgiskjala frumvarpsins eru ályktanir samtaka opinberra starfsmanna varðandi þessi mál, og hefir verið höfð hliðsjón af þeim við samningu frumvarpsins, og jafnframt hefir Gunnar Thoroddsen átt ítarlegar og ítrekaðar viðræður við þar til kjörna fulltrúa frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja. Á þeim umræðufundum hafa verið rædd lið fyrir lið einstök atriði frumvarpsins.- Hinsvegar hefir þótt rétt að þingnefndir leiti formlegra álitsgerða samtakanna, svo og annara aðila ef þurfa þætti, með venjulegum hætti við þinglega meðferð frumvarpsins.

<u>Í þriðja lagi:</u> Með skírskotun til þess sem áður var sagt, má ganga út frá því, að frumvarpið verði lagt fyrir þetta Alþingi, ~~nú alveg á næstunni.~~ áður en langt um líður.